Líf og list um helgina

Umsjón: AHO

Andlitsmyndirnar fleyttu okkur yfir kreppuárin

„Það er óhætt að segja að Barbara hafi verið ákaflega starfsöm. Hún hafði ekki fyrr lokið verki en hún tók til við annað" sagði Magnús Árnason listamaður, er blm. Vísis hitti hann á Kjarvalsstöðum, en þar var nýlega opnuð yfirlitssýning á verkum Barböru Árnason til minningar um listakonuna. Magnús, eiginmaður Barböru, og Vífill sonur hennar sáu um uppsetningu sýningarinnar.

Barbara Árnason fæddist á Suður-Englandi árið 1911. Hún gekk í myndlistarskóla í Winchester og lauk síðan listnámi sínu í Royal College of Art í London. Einhverntíma á þessu tímabili var hún fengin til að gera myndskreytingar við endursagnir úr Íslendingasögunum fyrir unglinga. Peningana, sem henni áskotnaðist fyrir verkið, notaði hún til að kosta ferð til Íslands. Fljótlega eftir komuna hingað kynntist hún manni sínum, ákvað að setjast að á Íslandi og starfaði hér þangað til hún lést árið 1975.

„Ég vildi ekki skrifa um nautaatið"

„Við Barbara ferðuðumst mikið saman" sagði Magnús er við röltum um sýningarsalinn og horfðum á myndirnar sem margar eru málaðar erlendis. „Tvisvar fórum við til Mexico, m.a. til að heimsækja Vífil sem var þar við nám í arkitektúr. Þessa bók unnum við síðan öll þrjú í sameiningu eftir dvölina þar" sagði hann og benti á bók um Mexico, fagurlega skreytta. „Barbara gerði myndirnar, um 100 talsins, ég skrifaði meirihlutann af bókinni en Vífill skrifaði kaflann um nautaatið því að ég gat ekki með nokkru móti fengið mig til að fjalla um þá athöfn."

„Til Marokko höfum við einnig komið, Ceylon, Íran, Frakklands og Rómar.

Að sögn Magnúsar lagði Barbara aðallega stund á grafík framan af, og var hún einn af brauðryðjendum í þeirri listgrein hér á Íslandi. Seinustu árin byrjaði hún að fást við vatnslitaþrykk. Einnig fékkst Barbara á tímabili við að gera andlitsmyndir og sagði Magnús okkur að það hefði fleytt þeim yfir kreppuárin.

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru 175 verk, vatnslitamyndir, grafíkmyndir, vatnslitaþrykkjur, teikningar, gouachemyndir, olíumálverk, veggteppi og skermar. Hún verður opin til 20. júlí. —AHO



Feðgarnir Magnús Árnason og Vífill Magnússon við myndina „Sofandi feðgar", sem Barbara teiknaði af þeim á sínum tíma.



Mörg veggteppi eru á yfirlitssýningunni á verkum Barböru Árnason, mjög sérstæð og falleg.




Skissa eftir Barböru Árnason. (Ljósm. Loftur.)

Kjarvalssýningin opnuð aftur

Sýningunni á verkum Jóhannesar S. Kjarvals hefur nú verið komið upp aftur að Kjarvalsstöðum, en gert var hlé á henni um nokkurt skeið, m.a. vegna Listahátíðar.

Myndirnar á sýningunni eru allar í eigu Reykjavíkurborgar og hefur hún fengið margar þeirra að gjöf frá ýmsum aðilum. Þær eru 75 talsins, flestar málaðar með olíulitum. Sýningin stendur fram í miðjan ágúst og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 16.00-22.00.

— AHO.



„Sól og sumar", eitt af verkum Jóhannesar Kjarval á sýningunni á Kjarvalsstöðum, sem nú hefur verið opnuð aftur eftir nokkurt hlé. — Ljósm. Loftur.

Handavinna frá Norðurlöndunum

Nú um helgina er síðasta tækifærið til að sjá sýninguna í Norræna húsinu á norrænni skólahandavinnu, en henni lýkur á sunnudaginn.



Drífa Jónsdóttir handavinnukennari sýndi okkur m.a. verk eftir þroskaheft börn og nemendur úr Blindraskólanum, sem eru á sýningunni. Ljósm. Jens.

Sýningin er haldin í tenglsum við þing norrænna handavinnukennara og er þetta í fyrsta skipti að fulltrúar frá Grænlandi og Færeyjum koma á slíkt þing. Þarna má því sjá handavinnu frá öllum norðurlöndunum.

Við fengum Drífu Jónsdóttur handavinnukennara til að ganga með okkur um sýninguna. Hún sagði að hér væri um að ræða sýnishorn af verkum skólanemenda á ýmsum aldri. Verið er að gera tilraun með að kenna handavinnu í sjö og átta ára bekkjum og varð ekki annað séð en að árangurinn af þeirri tilraun væri mjög góður. Einnig starfa handavinnukennarar við kennslu þroskaheftra nemenda í Öskjuhlíðarskóla, Skálatúni og Lyngási og á sýningunni getur að líta mörg verk eftir þessa nemendur.

Framlag Svíþjóðar til handavinnusýningarinnar er helst fólgið í kennslutækjum ýmiss konar. Frá Færeyjum ber mest á heimilisiðnaði, norðmennirnir eru iðnastir við vefnaðinn og frá Finnlandi eru verk eftir nemendur á aldrinum frá 17 ára upp í sjötugt. Má af þessu sjá að margra grasa kennir þarna í kjallaranum.

Sýningin er opin um helgina frá kl. 14.00-22.00.

—AHO

SÝNINGAR

Listasafn Íslands:
Sýningin á verkum Hundertwasser er opin daglega frá kl. 2-10.

Kjarvalsstaðir:
Sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarval. Minningarsýning um listakonuna Barböru Árnason.

Norræna húsið:
Handavinnusýning „norræn skólahandavinna" í kjallaranum. Hún er haldin í tengslum við norrænt handavinnukennaraþing.

Forsalur Þjóðminjasafnsins:
Sýningin „íslenskar útsaumagerðir".

BÖLLIN

Hótel Saga:
Hljómsveit Árna Ísleifs og söngkonan Linda Walker skemmta í Súlnasal föstudag og laugardag, en Lækjarhvammi og Átthafasal sunnudag.

Hótel Borg:
Hljómsveit Hauks Mortens skemmtir um helgina.

Klúbburinn:
Hljómsveit Gissurar Geirs og Lena föstudag og laugardag. Sunnudagur: Eik og diskótek.

Röðull:
Stuðlatríó leikur föstudag og laugardag.

Tjarnarbúð:
Hljómsveitin Kabarett skemmtir á föstudag og Circus á laugardag.

Lindarbær:
Gömlu dansarnir. Hljómsveit Ruts Kr. Hannessonar og Jakob Jónsson skemmta.

Skiphóll:
Hljómsveit Birgis Gunnlaugssonar skemmtir.

Sigtún:
Pónik og Einar skemmta föstudags- og laugardagskvöld. Drekar leika fyrir gömlu dönsunum á sunnudagskvöld.

Glæsibær:
Ásar leika um helgina.

Leikhúskjallarinn:
Skuggar skemmta um helgina.

Sesar: —Diskótek.

Óðal: — Diskótek.